

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21
105 Reykjavík
Sent með tölvupósti á netfangið:
uua@uua.is

Reykjavík, 3. júní 2021.

Kæra SKOTREYNAR (Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis) á afgreiðslu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á umsókn félagsins um endurnýjun starfsleyfis Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis á Álfsnesi.

I. Almenn

Með kæru þessari er kærð afgreiðsla Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, frá afgreiðslufundi stofnunarinnar þann 4. maí sl., sem tilkynnt var félaginu með tölvupósti þann 11. maí sl.

Um er að ræða afgreiðslu á umsókn Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis SKOTREYN vegna endurnýjunar starfsleyfis félagsins fyrir starfsemi þess að Álfsnesi. Félagið sótti um endurnýjun á starfsleyfi sínu með umsókn dags. 8. febrúar 2021. Með umsókninni fylgdi ítarleg greinargerð, dags. 5. febrúar 2021, um starfsemi félagsins og forsendur fyrir endurnýjun á starfsleyfinu m.a. fyrir óbreyttum opnunartíma.

II. Kröfur

Að hin kærða ákvörðun um veitingu starfsleyfis verði felld úr gildi.

Reykjavíkurborg verði gert að veita nýtt starfsleyfi með rýmri opnunartíma svæðisins sbr. umsókn félagsins og án skilyrða um hreinsun fyrri starfsemi.

III. Almenn um starfsemina á Álfsnesi og forsaga

Á Álfsnesi eru í dag reknir tveir skotvellar. Annars vegar er um að ræða starfsemi Skotfélags Reykjavíkur, en þar eru reknir skotvellar fyrir haglabyssuskotfimi auk riffilbrautar. Skotfélag Reykjavíkur er elsta íþróttafélag landsins, nú 140 ára. Hins vegar er um að ræða starfsemi SKOTREYNAR, sem er austan við svæði SR á Álfsnesinu, en þar eru eingöngu reknir skotvellar fyrir haglabyssuskotfimi.

SKOTREYN, Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis, var stofnað 27. ágúst árið 1986 og er tilgangur félagsins að stuðla að áhuga, þekkingu og leikni félagsmanna, með rekstri og umsjón skotæfingasvæðis, fræðslu fyrir félagsmenn og hagsmunabaráttu í samstarfi SKOTVÍS, Skotveiðifélag Íslands. SKOTREYN er áhugamannafélag með um 1.300 félaga, og hefur þá sérstöðu meðal félaga sem reka skotvelli að vera ekki íþróttafélag. Félagið þiggur enga styrki

frá Íþróttasambandi Íslands og öll áhersla í hönnun skotsvæðisins er að bjóða uppá fjölbreytta velli sem hæfa skotveiðimönnum.

Þrátt fyrir að félagið sé ekki íþróttafélag þá rekur félagið í raun stærsta og fjölsóttasta skotsvæði fyrir þá sem stunda „Compak sporting“ sem er keppnisgrein í haglabyssuskotfimi. Félagið hefur verið frumkvöðull í þessari keppnisgrein.

Forsaga þess að þessum tveimur félögum var úthlutað umræddum lóðum fyrir skotæfingasvæði er sú, að bæði félögin höfðu áður aðstöðu í og við Leirdal í Grafarholti. Þegar Grafarholtið var skipulagt fyrir íbúðarbyggð var ljóst að sú starfsemi þurfti að víkja og finna þurfti félögunum annan stað innan borgarlandsins. Varð umrætt svæði á Álfsnesi fyrir valinu. Hafa bæði félögin byggt þar myndarlega upp starfsemi sína. Ástæða þess að eingöngu er rekið eitt æfingasvæði fyrir riffilskotfimi, en eins og áður segir er það rekið á vegum Skotfélags Reykjavíkur, er sú að erfitt var talið að koma fyrir tveimur slíkum svæðum á Álfsnesi. Samkomulag varð því um að Skotfélag Reykjavíkur myndi setja upp riffilbraut en SKOTREYN ekki. Skilyrði var að félagsmenn SKOTREYNAR fengju aðgang að riffilvellingum á sama verði og félagsmenn Skotfélags Reykjavíkur.

Rétt er að taka fram að langan tíma tók að finna heppilegt svæði á sínum tíma og í raun var ekkert annað svæði sem kom til greina fyrir starfseminna. Það er því ljóst að það er ekki einfalt að finna félögunum nýjan stað, verði þeim ekki leyft að vera áfram með starfsemi á Álfsnesi.

IV. Um þörfina fyrir slíkt svæði

Þörfin fyrir slíkt svæði sem hér um ræðir er ótvíræð.


Í fyrsta lagi skiptir miklu að til séu svæði þar sem veiðimenn geta æft skotfimi til að tryggja að veiðimenn verði færar skyttur. Það tryggir snögga aflífun dýra við veiðar og kemur í veg fyrir að særð dýr sleppi frá veiðimönnum. Það er æðsta markmið sérhvers veiðimanns á veiðislóð að aflífa bráð á snöggan og fumlausan hátt og særa ekki dýr. Það er því dýraverndarmál að tryggja tryggja slíka aðstöðu.

Í öðru lagi væri það mikil afturför ef veiðimenn hrekjast aftur í yfirgefnar námur eða önnur opin svæði í nágrenni borgarinnar til að æfa sig. Það er umhverfismál til að tryggja að veiðimenn séu ekki að æfa skotfimi út um allt með þeirri mengun sem alltaf fylgir slíkri starfsemi vegna notkunar skotfæra, hávaða og auðvitað leirdúfubrota.

Í þriðja lagi er það öryggismál að til séu slík svæði en meiri hættan er á slysum ef æfingar fara fram hér og hvar og á svæðum sem ekki eru ætluð fyrir slíka starfsemi.

V. Um skipulag o.fl.

Samkvæmt þéttbýlisupprætti Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030, er svæðið á iðnaðarsvæði sem merkt er I2/H6/E5 og á óbyggðu svæði. Svæðið er fjarri öllum svæðum sem skipulögð eru fyrir íbúðarbyggð og í nágrenni svæðisins eru eingöngu iðnaðarsvæði, athafnasvæði, opin svæði, óbyggð svæði og landbúnaðarsvæði;



Svæði SKOTREYNAR er raunar staðsett rétt við vegstæði nýrrar Sundabrautar þ.e. þar sem gert er ráð fyrir að Sundabraut þveri Kollafjörð.

Í greinargerð aðalskipulagsins er fjallað um svæðið á bls. 210. Þar segir almennt um iðnaðarsvæði:

„Iðnaðarsvæði (I) Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ. m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólpæluog hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.“

Um Álfsnesið segir sérstaklega á sömu blaðsíðu:

„I2. Álfsnes-Kollafjörður Einkum gert ráð fyrir hafnsækinni iðnaðarstarfsemi sem er landfrek og krefst vinnslusvæðis utanhúss. Gert er ráð fyrir lítilli höfn við Kollafjörð (sjá H6), en annars er iðnaðarstarfsemi ríkjandi landnotkun á svæðinu. Sjá nánar Skipulag borgarhluta. Kjalarnes.“

Á bls. 211 segir:

„H6. Álfsnes-Kollafjörður Einkum gert ráð fyrir hafnsækinni iðnaðarstarfsemi sem er landfrek og krefst vinnslusvæðis utanhúss. Gert er ráð fyrir lítilli höfn við Kollafjörð, en annars er iðnaðarstarfsemi ríkjandi landnotkun á svæðinu (sjá iðnaðarsvæði I2). Sjá nánar Skipulag borgarhluta. Kjalarnes. Sjá nánar í kaflanum Hafnarsvæði og í landnotkunarstefnu fyrir einstaka borgarhluta.“

Á bls. 214 segir almennt um efnistökusvæði:

Efnistaka og efnislosun (E) Svæði þar sem ráðgert er að taka, vinna eða losa jarðefni. Efnistökusvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinnsla, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í sjó eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er losun jarðefna, sem eru hrein og ómenguð, svo sem jarðefni sem til falla vegna byggingarframkvæmda.


Um Álfsnesið segir nánar í umfjöllun aðalskipulagsins um skipulag borgarhluta 10, Kjalarness, bls. 310 og 312:

„I2 Álfsnes-Kollafjörður

Einkum gert ráð fyrir hafnsækinni iðnaðarstarfsemi sem er landfrek og krefst vinnslusvæðis utanhúss. Gert er ráð fyrir að stærð svæðisins á skipulagstímabilinu verði 20 hektarar. Síðan aðalskipulag Reykjavíkur 2001/2024 var staðfest í byrjun árs 2003 hafa orðið veigamiklar breytingar á forsendum stefnumörkunar fyrir Geldinganes og Álfsnes. Með stofnun Faxaflóahafna var tekin stefnumarkandi ákvörðun um að breyta landnotkun í Geldinganesi (155 ha svæði vestan Sundabrautar) þannig að þar risi blönduð byggð en horfið frá áformum um stórskipahöfn og iðnaðarsvæði. Því þarf að finna nýtt svæði fyrir þá atvinnustarfsemi sem áður var ætlaður staður í Geldinganesi. Stefnumörkun um breytta landnotkun við Elliðaárvog og flutning mengandi starfsemi þaðan stendur hins vegar óbreytt. Af þeim fyrirtækjum sem nú eru í Ártúnshöfða og við Elliðaárvog er brýnast að finna nýjan stað fyrir Björgun til að mögulegt sé framfylgja stefnu aðalskipulagsins um blandaða byggð við Elliðaárvog og ekki síður til að stöðva neikvæð umhverfisáhrif frá starfsemi fyrirtækisins á núverandi byggð í Bryggjuhverfi. Einnig er aðkallandi að finna framtíðarstað fyrir steypustöðvar, malbikunarstöð og fleiri iðnaðarfyrirtæki. Að mati Faxaflóahafna er vænlegasta svæðið fyrir nýja iðnaðarhöfn innan Reykjavíkur vestast á Álfsnesi við sunnanverðan Kollafjörð. Umrætt svæði var í aðalskipulaginu 2001/2024 ætlað undir blandaða byggð eftir 2024. Breyttar forsendur um þéttingu byggðar og forgangsöröðun íbúðarsvæða gera hins vegar að verkum að ekki er aðkallandi að skipuleggja Álfsnesið undir íbúðarbyggð eða blandaða byggð á næstum áratugum. Álfsnesið vestan- og norðanvert er að stærstum hluta hrjóstrugt land og ekki þekkt fyrir veðursæld. Sá hluti Álfsnessins er því ekki talinn ákjósanlegur fyrir íbúðarbyggð eða blandaða byggð. Í aðalskipulaginu er vestasti hluti Álfsness skilgreindur sem hafnar- og iðnaðarsvæði. Stærð svæðisins er um 20 hektarar. Á svæðinu er gert ráð fyrir lóðum undir hafnsækna athafna- og iðnaðarstarfsemi sem er landfrek og af er mengunarhætta. Gert er ráð fyrir lítilli höfn við Kollafjörð vestast á svæðinu með landfyllingu og varnargörðum. Vegna þess að vel sést til Álfsness norðan- og vestanverðs frá væntanlegri Sundabraut og byggð í Kjalarnesi og Mosfellsbæ er lagt til að iðnaðarsvæðið verði eftir því sem kostur er fellt inn í náttúrulegt landslag til að draga úr ásýndaráhrifum. Þetta er þó ekki mögulegt að fullu nema með talsverðum breytingum á landinu og verulegri efnistöku, en gert er ráð fyrir að efni sem til fellur vegna landslagsmótunar geti nýst til vegagerðar og annarrar mannvirkjagerðar (sjá nánar í umhverfismati aðalskipulagsins). Eðlilegt er gera ráð fyrir því að svæðið þróist og stækki á löngum tíma.

...

Álfsnes (E5). Mögulegt framtíðar efnistökusvæði sem verður opnað í tengslum við þróun iðnaðarsvæðis og hafnar við Kollafjörð. Efnistaka á svæðinu gæti nýst vegna framkvæmda við Sundabraut. Efnistakan og landmótunin gæti í heildina tekið til um 200.000 m² svæðis og falið í sér verulega lækkun á landi. Áhrif efnistöku og formun lands á ásýnd frá Kjalarnesi og Vesturlandsvegi verða veruleg. Þó hér sé sumpart um formun lands vegna þróunar framtíðarbyggðar, skal sækja um framkvæmda- og starfsleyfi fyrir efnistöku á svæðinu, ásamt umhverfismati sbr. lög nr. 106/2000.“



Mynd 3. Mögulegt iðnaðarsvæði og höfn á Álfnesi við Kollafjörð.

Ekki er til deiliskipulag af svæðinu.

Með vísan til stefnu núgildandi aðalskipulags, sem gerð var grein fyrir að framan, er ljóst að umrætt svæði hentar sérstaklega vel til starfsemi umræddra skotvalla þar til farið verður í þær framkvæmdir og uppbyggingu þungaiðnaðar og efnistöku sem gert er ráð fyrir á svæðinu til framtíðar. Vel væri hægt að starfrækja svæðin áfram eftir að Sundabraut yrði byggð en líklega þyrfti að færa svæði SKOTREYNAR eitthvað til eftir því hver lega Sundabrautar yrði nákvæmlega. Ekkert í skipulagi hefur þau áhrif að takmarka þurfi opnunartíma félagsins.

VI. Um opnunartíma

Í umsókn sinni sótti SKOTREYN um óbreyttan opnunartíma, enda taldi félagið að ekkert hafi breyst frá því núverandi starfsleyfisreglur voru samþykktar til 12 ára þ.e. þann 8. júní 2015. Óbreyttur opnunartími er grunnforsenda fyrir rekstri svæðisins.

Í gildandi starfsleyfisreglum, sem samþykktar voru í heilbrigðisnefnd Reykjavíkur þann 8. júní 2015, og gilda til 8. júní 2027, þ.e. í 12 ár, er leyfilegur opnunartími á svæði SKOTREYNAR eftirfarandi:

Á veturna, frá 16. september til 14. apríl:

virkir dagar	12-20.00	(heimil rýmkun v. keppni frá 11.00 og ekki eftir 20.00)
laugardagar	12-18.00	(heimil rýmkun v. keppni frá 11.00 og ekki eftir 20.00)

Á sumrin frá 15. apríl til 15. september:

virkir dagar	10-22.00	(heimil rýmkun v. keppni frá 10.00)
laugardagar	10-18.00	(heimil rýmkun v. keppni frá 10.00 og ekki eftir 20.00 um helgar)

Bæði að sumri og vetri er heimilt að færa laugardagsæfingar yfir á sunnudaga v. veðurs.

Á sumrin er að auki heimilt að keppa á sunnudögum og innan sama tímaramma og gildir um laugardaga.

Félagið hefur hins vegar að mestu eingöngu nýtt sér eftirfarandi opnunartíma, auk mótahalds:

Á veturna, frá 16. september til 14. apríl:

laugardagar 12-16.00

Á sumrin frá 15. apríl til 15. september:

3 virkir dagar 18-21.00 mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga

laugardagar 12-16.00

Rétt er að taka fram að félagið hafði yfirleitt opið til kl. 22.00 á sumrin en stytta þann tíma sl. sumar. Félagið hefur því nýtt heimildir sínar til starfsemi á svæðinu mjög hóflega.

Megin þungi starfsemi félagsins fer fram á sumrin, enda bara opið í fjóra tíma á laugardögum á veturna. Ástæða þess að starfsemin fer að langmestu leyti fram á sumrin er þríþætt. Aðallega vegna þess að þá eru veður orðin stöðug og hægt að stunda æfingar úti. Í annan stað ræðst það af birtu en á sumrin er bjart á kvöldin eins og kunnugt er. Veður og birta eru forsenda starfseminnar, enda hvorki hægt að stunda leirdúfuskotfimi í myrkri eða vondu veðri. Mjög fáir hafa tækifæri til að mæta á svæðið fyrr en eftir að vinnudegi lýkur sem er í flestum tilvikum þá ekki fyrr en eftir kl. 18.00. Í því sambandi er minnt á að svæðið er jú í nokkurri akstursfjarlægð frá miðju höfuðborgarsvæðisins og þeir sem hyggjast stunda slíkar æfingar þurfa að fara heim úr vinnu og sækja búnað s.s. byssur og skot áður en keyrt er upp á Álfsnes. Ekki er forsvaranlegt að geyma vopn og skotfæri í bílum við vinnustaði. Mikilvægasti tími dagsins fyrir félagið er því frá kl. 18.00 til 21.00 á virkum dögum á sumrin þ.e. þá þrjá virku daga sem félagið hefur haft opið. Þann tíma má alls ekki skerða.

Í þriðja lagi þá er ástæða þess að megin þungi starfseminnar fram á sumrin og haustin sú að aðalveiðitíminn er á haustin þ.e. frá 20. ágúst og fram yfir rjúpnaveiðitímann. Því reyna veiðimenn að æfa vel á sumrin og fram á haust en hverfa þá til veiða. Skerðing á opnunartíma á sumrin, frá því sem nú er heimilt, myndi því einfaldlega ónýta svæðið fyrir veiðimenn.

Í nýjum starfsleyfisreglum um fyrir starfsleyfi félagsins, er leyfður opnunartíma sem er frá kl. 10-19.00 mánudaga til fimmtudaga og á laugardögum frá kl. 10-16.00. Samkvæmt tillögunni er heimilt að halda skotkeppnir með rýmri skottíma allt að 4 sinnum á ári, eða 10-19 á föstudögum og 10-19 á laugardögum og sunnudögum. Tilkynna skal um slíka viðburði til Heilbrigðiseftirlitsins og auglýsa á heimasíðu félagsins með 14 daga fyrirvara. Þá eru skotæfingar og keppnir bannaðar tiltekna hátíðisdaga.

Hinar nýju reglur ónýta svæðið fyrir félagið. Algjör nauðsyn er að félagið fái a.m.k. heimild til að hafa opið þrjá virka daga á sumrin til kl. 21.00 á kvöldin.

Í athugasemdum sínum til Reykjavíkurborgar var bent að ef ekki væri hægt að verða við ofangreindu þarf einfaldlega að finna nýjan stað fyrir starfsemi félagsins og en veita heimild til sömu opnunar í tvö ár á meðan unnið er að því að finna starfseminni nýjan stað og setja hana upp að nýju.

SKOTREYN að ólögmætt hafi verið að takmarka opnunartímann umfram það sem fram kemur í gildandi starfsleyfisreglum, sem samþykktar voru í heilbrigðisnefnd Reykjavíkur þann 8. júní 2015, og gilda til 8. júní 2027, var í Reykjavíkurlögum þann 8. júní 2015, og gilda til 8. júní 2027.

VII. Kvartanir, umsagnir og reglur um hljóðvist

Að framan var fjallað um skipulagsmál á svæðinu. Fyrir liggur að ekkert íbúðarsvæði skv. skipulagi er nálægt umræddu skotsvæði. Það er mikilvæg staðreynd við umfjöllun málsins.

Þegar félagið sótti um og málið var til meðferðar lágu frammi til kynningar starfsleyfisreglur fyrir skotsvæði Skotfélags Reykjavíkur, sem er næsta svæði við skotvöll SKOTREYNAR. Í umsókn og athugasemdum var gerð grein fyrir því að sá tímarammi, sem þar var gert ráð fyrir, og var svo í raun samþykktur, myndi ganga frá starfsemi SKOTREYNAR.

Umsögn skipulagsfulltrúa

Með gögnum málsins liggur fyrir umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 22. janúar 2021. Þar segir að íbúar í nágrenni svæðisins hafi látið í ljósi óánægju sína með hávaða o.fl. frá svæðinu árum saman. Þá segir skipulagsfulltrúi að í ljósi óánægju sem ríkt hefur um núverandi staðsetningu svæðisins, telji skipulagsfulltrúi nauðsynlegt að setja strangari skilyrði um opnunartíma, notkun á blýhögnum samhliða því að kanna til hlítar aðrar staðsetningar fyrir starfseminu á höfuðborgarsvæðinu, með það að markmiði að finna varanlegri aðstöðu fyrir skotæfingar. Ýmislegt er svo sagt um hvað hafa verði í huga fyrir nýtt svæði en hér verður ekki vikið að því. Niðurstaða skipulagsfulltrúa er að ekki sé mælt með því að gefa út starfsleyfi lengur en til tveggja ára og þá með ítarlegum starfsleyfisskilyrðum þar sem:

- Opnunartími verði skertur verulega þannig að ekki hljótist ónæði og tekið sé fram að misbeiting á því varði riftun á starfsleyfi.
- Í ljósi umhverfissjónarmiða og m.t.t. neikvæðra sjónarmiða á vistkerfið verði blýnotkun ekki leyfði á þessu tímabili.
- Skilyrði verði að svæðið verði vaktað af HER eða óháðum aðila m.t.t. hljóðmengunar og opnunartíma.

Umsögn skipulagsfulltrúa snýr að mjög litlu leyti að skipulagsþætti málsins. Í raun fjallar umsögn skipulagsins að mestu um þætti sem lúta annars vegar að hljóðvist og hins vegar að mengun. Það eru bæði atriði sem snúa að heilbrigðiseftirlitinu. Umsögnin er því þýðingarlaus og í raun er skipulagsfulltrúi kominn út fyrir valdsvið sitt.

Í umsögninni er fullyrt að íbúar í „nágrenni“ svæðisins hafi látið í ljósi óánægju sína með hávaða o.fl. Vissulega er rétt að einhverjar kvartanir munu hafa borist vegna hávaða frá umræddum skotvöllum. Félagið gerir hins vegar verulegar athugasemdir við þessa fullyrðingu og að látið sé að því liggja að almenn ónægja hafi verið með rekstur svæðisins. Enginn býr í nágrenni við svæðið. Þá eru einu kvartanirnar sem borist hafa vegna svæðisins vegna hávaða enda ekkert annað mögulegt ónæði af svæðinu. Félagið telur hins vegar að slík óánægja sé ekki almenn og ekki viðtæk. Áður en slík fullyrðing er sett fram af hálfu skipulagsyfirvalda, einkum á þeim grunni að slíkar kvartanir eigi að leiða til „verulegra“ skerðinga á opnunartíma og að það þurfi að finna starfseminni nýtt svæði, telur félagið að nauðsynlegt sé að það sé rýnt ítarlega frá hverjum slíkar kvartanir hafi borist og hvers eðlis þær séu. Minnt er á að Reykjavíkurborg keypti sumarhús sem var næst svæðinu og seldi það aftur með kvöð um að kaupanda væri kunnugt um starfsemi skotsvæðanna. Eigendur þess húss hafi sent inn kvartanir. Kvartanir frá þeim eru þ.a.l. að engu hafandi.

Hugleiðingar íbúa eða annarra um meinta mengun hafa hins vegar ekkert með grenndarsjónamið að gera. Þegar völlum var komið fyrir á umræddum stað í upphafi, var

alltaf gert ráð fyrir því að á svæðinu væru notuð blýskot enda lítið um notkun annarskonar skota á þeim tíma. Það er því augljóst að blýkúlur finnast á svæðinu. Engin gögn liggja hins vegar fyrir um að þau hafi valdið mengun í jarðvegi, né haft nokkur áhrif á lífríkið eins og nánar verður vikið að síðar. Rétt er einnig að geta þess að í dag er notkun blýskota á svæðinu mjög óveruleg, enda hefur blýi almennt verið skipt út fyrir stál í þeim æfingaskotum sem notuð eru á svæðinu.

Auk framangreinds er félagið sérstaklega ósátt við að skipulagsfulltrú skuli leggja áherslu á að svæðið verði vaktað sérstaklega af HER og að misnotkun á opnunartíma geti leitt til riftunar á starfsleyfi. Með því er dylgjað að því að hingað til hafi verið brotið gegn núgildandi leyfum. Því er sérstaklega mótmælt enda á það sér enga stoð í raunveruleikanum.

Ekkert í skipulagi kallar á skerðingar á starfsemi félagsins eða að leyfið verði tímabundið.

Í athugasemdum sínum benti félagið á að áður en afstaða yrði tekin til skerðingar á opnunartíma eða nauðsyn þess að flytja svæðið, yrði að mati félagsins að greina þær athugasemdir eða kvartanir sem hafa borist með vísan til rannsóknarreglu stjórnsýsluréttar.

Skýrsla Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

○ Blý

Á fundi með félaginu var upplýst að tillögurnar byggðu á skýrsla Heilbrigðiseftirlitsins um blý og hávaðamengun vegna Skotvalla á Álfsnesi. Hvað varðar niðurstöður skýrslunnar um blý á svæðunum þá kemur hún ekki svo mikið á óvart. Niðurstaðan var sú að stálhögl voru 53% og blýhögl 47% af þeim sýnum sem tekin voru. Samantekt rannsóknarinnar er (bls. 6 í skýrslunni):

„Niðurstöður greiningar benda til þess að hlutfall blýhagla sé hærra en búist var við út frá upplýsingum sem HER hefur haft fram að þessu. Telur HER að verði blýhögl notuð á svæðinu í sama hlutfalli og niðurstöður sýna geti það valdið jarðvegsmengun.“

Niðurstaðan er því sú að verði blýhögl notuð í sama mæli á svæðinu, þ.e. væntanlega í hlutfallinu 53% - 47%, „geti það valdið jarðvegsmengun.“

Engin hætta er hins vegar á því.

SKOTREYN leggur áherslu á að notkun blýhagla í dag er orðin mjög lítil og langflestir nota stálhögl við skotæfingar. Enginn hætta er því á að notkun blýhagla verði 47%. Líklegast er raunar að hætt verði alfarið að nota blý í æfingaskot innan mjög fárra ára vegna reglna Evrópusambandsins. Félagið telur því enga hættu á jarðvegsmengun vegna þessa. Rétt er að taka fram að félaginu er ekki kunnugt um þá staði sem skýrsluhöfundar mældu. Félaginu þykir í því sambandi rétt að benda á að því lengra sem þeir hafa verið frá skotstað þeim mun líklegra er að hlutfall blýhagla sé hærra þar sem blýhögl berast lengra en stálhögl.

Félagið vill einnig benda á vegna myndar sem notuð er í skýrslunni (mynd 4) sem sýnir drægni haglaskota miða við 250m frá skotstað, að það er í fyrsta lagi hámarks vegalengd og í annan stað gefa hringirnir ekki rétta mynd af dreifingu skotanna enda er bara skotið í norður átt. Rétt er að taka fram að því er alls ekki haldið fram að þetta hafi verið vísitandi gert. Framsetningin er hins vegar óheppileg, sérstaklega fyrir ókunnuga, einkum þar sem þessi mynd hefur svo ítrekað birst í fjölmiðlum.

Samantekið má segja varðandi rannsóknina um blýið að m.t.t. þess að notkun blýskota við æfingar er orðin lítil sem engin, er engin ástæða til að gera ráð fyrir að blý verði notað í sama hlutfalli og mælingar sýndu til framtíðar lítið. Því er engin hætt á jarðvegsmengun af þeim sökum.

Félagið telur ný skilyrði um hreinsun svæðisins ólögmæt enda ekki hægt að leggja slíkar kvaðir á félagið eftirá. Ekkert liggur fyrir um ástand svæðisins áður en félaginu var úthlutað svæðinu af Reykjavíkurborg og hóf starfsemi þar. Engin slík skilyrði voru sett þá. Þá verður nú hætt að nota blý, skv. skilyrðum starfsleyfisins, og því ekki um frekari blýmengun að ræða vegna starfseminnar. Engin þörf er því á hreinsun vegna framhalds starfseminnar sem leyfið lýtur nú að. Leyfið er að auki bráðabirgðaleyfi til stutts tíma. Slíkri kröfu, sem virkar afturvirk og er bara sett vegna starfsemi á grunvelli eldra leyfis, verður ekki laumað inn í nýtt leyfi, einkum þegar um svo stuttan gildistíma er að ræða. Að minnsta kosti er ljóst að fella ber skilyrði leyfisins um hreinsun svæðisins úr gildi. Slík krafa, sem sett er eftir á við endurnýjun á leyfi til skamms tíma, er ósanngjörn og ólögmæt út frá öllum mælikvörðum.

- Hljóðvist

Skýrslan fjallar líka um hljóðvist. Niðurstaða mælinga í skýrslunni er eftirfarandi:

Tafla 6 sýnir niðurstöður jafngildishljóðstigs (L_{Aeq}) fyrir alla mælistaði

	Móaberg	Skriða/stekkur	Esjuberg	Hvammur	Esjuhlíðar
Mæling 1	44 dB	50 dB	51 dB		
Mæling 2	45 dB	49 dB	49 dB		
Mæling 3	47 dB	49 dB		47 dB	
Mæling 4	46 dB	51 dB		47 dB	
Mæling 5	46 dB	51 dB			50 dB *
Mæling 6	46 dB	53 dB			52 dB *

*Ekki mælt við hús heldur opið svæði – gildi eru því aðeins til samanburðar.

„Við mælingar 1-4 var einungis skotið á skotsvæði Skotfélags Reykjavíkur (SR) en þegar mæling 5 og 6 fór fram voru skotæfingar einnig hafnar á skotsvæði Skotveiðifélags Reykjavíkur (Skotreyn). Við hljóðmælingar 1-4 var erfitt að greina þegar skotið var á skotsvæðinu. Við mælingar 5 og 6 voru skothljóð greinilegri en þá voru skotæfingar einnig hafnar á skotsvæði Skotreynar. Ríkjandi hljóð við mælingar var umferðarniður.“

Samantekt skýrslunnar um hljóðvist er svohljóðandi:

„Samantekt í töflu III í reglugerð nr. 724/2008 eru gefin upp viðmiðunargildi fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi fyrir mismunandi tegundir húsnæðis. Skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er skilgreiningin á frístundabyggð svæði þar sem tvö eða fleiri frístundahús standa í þyrpingu eða nýta sameiginlega tengingu við veg eða veitur. Frístundabyggð er ekki ætluð til fastrar búsetu og er því ekki hægt að nota viðmiðunargildi fyrir frístundabyggð. Nokkur húsanna sem mælt var við hafa fasta búsetu og var því miðað við viðmiðunargildi fyrir íbúðarhús á íbúðarsvæði. Þegar jafngildishljóðstig mælinga (tafla 5) eru borin saman við gildandi viðmiðunargildi sést að mælingar eru undir eða við viðmiðunargildin fyrir tímabilið kl. 7-19 (50 dB) en hins vegar eru gildin aðeins yfir viðmiðunargildum fyrir tímabilið kl. 19-23 (45 dB). Í núverandi starfsleyfis-skilyrðum er heimilaður opnunartími skotvalla eftirfarandi:

á **veturna**, frá 16. september til 14. apríl: á virkum dögum frá kl. 12-20 og á laugardögum frá kl. 12-18.

á **sumrin**, frá 15 apríl til 15. september: á virkum dögum frá kl. 10-22 og á laugardögum frá kl. 10-18.

Þar sem mældur hljóðstyrkur fór yfir viðmiðunargildi fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi fyrir tímabilið kl. 19-23 telur HER að rétt sé að stytta opnunartíma að kvöldi, þ.e. milli kl. 19-23, til að takmarka ónæði vegna skothljóða.“

SKOTREYN efast ekki um mælingar þær sem kynntar eru í skýrslunni. Sú alvarlega villa er hins vegar gerð að miða við hávaðamörk frá atvinnustarfsemi yfir á íbúðarsvæði skv. reglugerð um hávaða nr. 724 frá 2008. Í fyrsta lagi er ekki um atvinnustarfsemi að ræða. Það skal þó látið liggja á milli hluta. Það sem skiptir meira máli er að ekkert umræddra húsa er á skilgreindu íbúðarsvæði hvorki samkvæmt skipulagi né samkvæmt skilgreiningu reglugerðarinnar sjálfrar sem hlýtur að verða að miða við. Hún er er svohljóðandi:

„Íbúðarsvæði: Svæði þar sem fyrst og fremst er gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði. Þar kann þó einnig að vera gert ráð fyrir starfsemi sem eðlilegt er að þar sé til þjónusta við íbúa viðkomandi hverfis, s.s. verslunum, hreinlegum iðnaði, handiðnaðarfyrirtækjum, þjónustustarfsemi og leiksvæðum, eða annarri starfsemi sem hvorki verður ætlað að muni valda óþægindum vegna lyktar, hávaða eða óþrifnaðar né dragi að sér óeðlilega mikla umferð.“

Í þessu sambandi er einnig rétt að benda á hávaði utanhúss við íbúðarhúsnæði á blönduðu svæði þ.e. íbúðarsvæði á verslunar- og þjónustu- og miðsvæðum má vera 55 dB á þessum tíma og á iðnaðar og athafnasvæðum, eins og eðlilegast væri að miða við, má hávaðinn vera 70 dB milli 19-23 skv. meðfylgjandi töflu úr reglugerðinni:

Tafla III. Mörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi.							
Tegund húsnæðis	Mörk fyrir atvinnustarfsemi						
	L _{Aeq} (07-19)		L _{Aeq} (19-23)		L _{Aeq} (23-07)		L _{AFmax} nótt
	Við húsvegg	Inni	Við húsvegg	Inni	Við húsvegg	Inni	Inni
Íbúðarhúsnæði á íbúðarsvæðum	50	30	45	30	40	25	40
Íbúðarhúsnæði á verslunar-, þjónustu- og miðsvæðum	55	30	55	30	40	30	45
Dvalarrými á þjónustustofnunum þar sem sjúklingar eða vistmenn dvelja yfir lengri tíma	60*	35	50*	35	50*	30	45
Iðnaðarsvæði og athafnasvæði	70		70		70		
Fristundabyggð	35		35		35		35
Leik- og grunnskólar	50*	30					
Kennslurými framhaldsskóla		30					
Hávaðalitir vinnustaðir, s.s. skrifstofur og sambærilegt		30					

Viðmiðunin um 45dB mörk skv. reglugerð um hávaða á tímabilinu milli 19-23 er því ekki rétt. Takmörkun á opnunartíma svæðanna verður því ekki gerð vegna þess að vikið sé frá því

viðmiði. Hávaði frá æfingasvæðunum er því ekki yfir þeim mörkum sem reglugerð um hávaða kveður á um.

Auk alls framangreinds er auðvitað minnt á að starfsemi á vegum félagsins er eingöngu þrjá daga í viku á kvöldin og þá bara yfir sumartímann. Ónæðið er því hvorki stöðugt né viðvarandi.

Þá er rétt að benda á, auk alls framangreinds, að aðstæður sem uppi voru þegar hljóðmælingin var gerð, og eru kjöraðstæður fyrir að hljóð berist langar leiðir eða eins og segir í skýrslunni á bls. 10,

„Vindhraði mældur til að ganga úr skugga um að hann sé undir 5 m/s sem eru viðmiðunarmörk fyrir hljóðmælingar sbr. leiðbeiningar Umhverfisstofnunar.“

Slíkar aðstæður eru mjög sjaldan á svæðinu og ríkjandi vindátt (NA) beinir hljóði frá umræddum húsum.

Raunveruleg staða er því sú, hvað varðar hljóðvist frá svæðunum, að jafnvel þó miðað væri við þau mörk sem Heilbrigðiseftirlitið miðar við í skýrslu sinni, þ.e. 45 dB (sem er rangt viðmið), sýndu mælingar að við algjörar kjöraðstæður fyrir hljóð til að berast langar leiðir, að hávaði næði rétt yfir umrædd mörk. Þessar aðstæður eru nánast aldrei fyrir hendi. Þá er minnt á að opnunartími svæðanna nú þegar stuttur og einungis til lítils hluta ársins.

Hávaði frá skotsvæðunum fer, með vísan til framangreinds, ekki upp fyrir mörk reglugerðar um hávaða enda ekki um íbúðarsvæði að ræða. Grenndaráhrif svæðanna hvað varðar hljóðvist, miðað við almennar reglur um hávaða, ríkjandi vindáttir og opnunartíma svæðanna er því ekki meiri en íbúar á slíkum svæðum verða almennt að þola. Minnt er á að skv. sömu reglugerð um hávaða er hávaði frá umferð á íbúðarsvæðum t.d. leyfður 55 dB og 65 dB við íbúðarhúsnæði á blönduðum svæðum.

Með vísan til framangreinds voru að mati SKOREYNAR engar forsendur til þess að takmarka opnun skotsvæðanna á Álfsnesi miðað frá því sem núgildandi leyfi gerir ráð fyrir við endurnýjun þeirra. Engar breytingar hafi orðið á lögum og reglum sem réttlæti slíkar breytingar.

Hin verulega takmörkun sem gerð er á opnunartíma samkvæmt nýju leyfi byggir á röngum forsendum eins og gerð hefur verið grein fyrir að framan og gengur mun lengra um hvað varðar skerðingar en góðu hófi gegnir. Félagið telur hana ólögmæta ganga gegn meðalhöfsreglu stjórnsýsluréttar og stjórnsýslulaga.

Ekkert í skipulagi né lögum og reglum um hávaða heimili slíkar takmarkanir. Félagið minnir á að hvorki skipulag né reglugerðir hafa breyst frá fyrra leyfið þannig að þýðingu hafi í málinu. Félagið áréttar að með þeim takmarkaða opnunartíma sem veittur er í nýju starfsleyfið sé verið að leggja starfsemi félagsins niður og ónýta þær eignir og þá uppbyggingu sem félagið hefur staðið fyrir á svæðinu en sú uppbygging er veruleg. Um sé að ræða svo mikla skerðingu á möguleika félagsins til að nýta eignirnar að um eignaupptöku sé að ræða án bóta. Það sé brot gegn stjórnarskrárvörðum eignarrétti félagsins. Félagið gat búist við að nýta aðstöðuna áfram miðað við óbreyttan opnunartíma og hafði væntingar til þess. Ekkert meðalhóf er að auki í svo mikilli þrengingu m.t.t. þess að ekkert í reglum eða skipulagi hefur breyst frá því félaginu var fengið svæðið til afnota né frá eldra starfsleyfi.

Er nefndin hvött til þess að fara í vettvangsferð á svæðið og kynna sér svæðið og starfsemi félagsins.

Félagið óskar að auki sérstaklega eftir að nefndin skoði málsmeðferð málsins í heild hjá Reykjavíkurborg m.t.t. sjálfstæðrar skildu nefndarinnar til þess. Er m.a. bent á að félaginu var ekki gefinn kostur á að tjá sig um greinargerð Heilbrigðiseftirlitsins áður en málið var afgreitt.

Óskað er eftir að gjaldtakan verði skoðuð líka þar með hvort bæði SR og SKOTÉYN hafi verið rukkuð fyrir sama kostnað vegna tveggja leyfa fyrir svæði félaganna.

Félagið áskilur sér rétt til að skila nefndinni frekari gögnum.

Óskað er eftir að málið fái flýtimeðferð fyrir nefndinni enda hagsmunir félagsins verulegir enda ljóst að starfsemi þess verður mjög skert m.t.t. hins nýja leyfis.

Virðingarfyllst,

f.h. SKOTREYNAR,

Lúther Ólason

Lúther Ólason,

formaður.

Gögn málsins má nálgast á slóðinni:

https://reykjavik.is/sites/default/files/skotveidifelag_reykjavikur_og_nagrennis.pdf



Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Skuggasundi 3
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 9. júlí 2021
Tilvísun: 2021060086/25.13

Efni: Greinargerð Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur í máli nr. 78/2021 vegna kæru Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis, þar sem kærð er ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um að gefa út starfsleyfi fyrir starfsemi félagsins í Álfnesi til tveggja ára með takmörkuðum opnunartíma svæðisins og með skilyrðum um hreinsun þess.

Með tölvupósti, dags. 4. júní 2021, framsendi Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála ofangreinda kæru Skotveiðifélags Reykjavíkur (hér eftir SKOTREYN) í máli nr. 78/2021 til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (hér eftir HER) og óskaði eftir að HER léti úrskurðarnefndinni í té þau gögn er málið varðar og var HER jafnframt gefinn kostur á að tjá sig um kæruna. Veitti nefndin til þess 30 daga frest skv. 5. mgr. 4. gr. laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 130/2011. Viðbótarfrestur til 9. júlí var veittur með tölvupósti dags. 1. júlí 2021.

Málsatvik:

Þann 8. febrúar 2021 sendi Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis í tölvupósti umsókn um endurnýjun starfsleyfis fyrir starfsemi félagsins á skotvelli þess í Álfnesi ásamt greinargerð dags. 5. febrúar 2021. Móttaka umsóknarinnar var staðfest með tölvupósti dags. 12. febrúar 2021. Umsóknin var metin fullnægjandi. Þann 15. febrúar 2021 sendi HER beiðni um umsögn til skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, sbr. ákvæði í 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnir og óskaði eftir umsögn um það hvort starfsemin væri í samræmi við skipulag og hvort fyrirhugaðar væru breytingar á skipulagi sem gætu komið í veg fyrir útgáfu starfsleyfis til 12 ára. Bent var á að ef skipulagsfulltrúi legðist gegn útgáfu starfsleyfis til 12 ára hefði skipulagsfulltrúi fyrir skemmstu lagt til tveggja ára gildistíma fyrir starfsemi Skotfélags Reykjavíkur í næsta nágrenni við starfsemi SKOTREYNAR og að mikilvægt væri að gæta jafnræðis. Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 26. febrúar 2021 barst HER 3. mars sl. Í umsögninni kemur fram að SKOTREYN hafi haft svæðið til tímabundinna afnota undanfarin ár og hafi íbúar í nágrenni svæðisins látið í ljós óánægju sína með hávaða o.fl. frá skotvellingum árum saman. Í ljósi þess telur skipulagsfulltrúi að nauðsynlegt sé að setja strangari skilyrði um starfsemina. Fram kemur í niðurstöðu skipulagsfulltrúa að ekki er mælt með því að gefa út starfsleyfi til lengri tíma en tveggja ára og þá með skilyrðum um að opnunartími verði skertur umtalsvert umfram það sem í gildi var, að blýnotkun verði ekki heimil og að svæðið sé vaktað með reglubundnum hætti af HER eða óháðum aðila m.a. með tilliti til hljóðmengunar og opnunartíma.

Haustið 2020 vann HER könnun á blý- og hávaðamengun á og nærri skotvelli SKOTREYNAR og einnig á og við skotvöll Skotfélags Reykjavíkur þar sem vellirnir liggja saman en stutt var eftir af gildistíma starfsleyfa fyrir starfsemi beggja félaga. Var könnunin til



Tillaga að sértækum starfsleyfis skilyrðum voru unnin fyrir skotvöll SKOTREYNAR og var fundað með fulltrúum félagsins 9. mars sl. og þeim kynnt drögin og auglýsingaferli tillögu að starfsleyfi. Auglýsing um tillögu að starfsleyfi fyrir skotvöll SKOTREYNAR í Álfsnesi var birt á vefsvæði HER 9. mars 2021 sbr. ákvæði í 6. gr. í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnir. Í tillögunni er lagt til að starfsleyfið gildi til tveggja ára frá útgáfudegi og að um starfsemina gildi sértæk starfsleyfis skilyrði Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir starfsemi skotvallar SKOTREYNAR í Álfsnesi og almenn starfsleyfis skilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi. Í auglýsingunni kom fram að á tímabilinu 9. mars til 6. apríl 2021 mætti hver sem vill senda HER athugasemdir og ábendingar við tillöguna. Sérstök tilkynning var send á hagsmunaaðila er málið varðar s.s. íbúar í nágrenninu, aðila sem hafa kvartað til HER yfir starfseminni o.fl. Á auglýsingatíma bárust 127 athugasemdir og er gerð grein fyrir þeim og svörum HER í greinargerð um útgáfu starfsleyfis, sjá gögn málsins.

Á 1533. afgreiðslufundi HER þann 4. maí 2021 var lögð fram umsókn Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis, dags. 8. febrúar 2021, að loknu auglýsingaferli, um endurnýjun á starfsleyfi fyrir skotvöll félagsins í Álfsnesi. Á fundinum var samþykkt að gefa út starfsleyfi til tveggja ára eða til 4. maí 2023 með sértækum starfsleyfis skilyrðum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir starfsemi skotvallar SKOTREYNAR í Álfsnesi og almennum starfsleyfis skilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi. Um gildistíma var vísað í umsögn Skipulagsfulltrúa.

Tilkynning um útgáfu starfsleyfis ásamt greinargerð um útgáfuna, afriti af starfsleyfi og starfsleyfis skilyrðum var birt á vefsvæði HER þann 21. maí. 2021. Vegna fjölda athugasemda tók óvenju langan tíma að vinna greinargerð um útgáfu starfsleyfis. SKOTREYN var tilkynnt um útgáfu starfsleyfisins með tölvupósti 11. maí 2021 og að greinargerð um útgáfu starfsleyfi yrði birt undir liðnum "útgefin starfsleyfi" á vefsíðu HER strax og lokið væri við greinargerðina. Öðrum sem sendu inn athugasemdir var send tilkynning í tölvupósti 21. maí um útgáfu starfsleyfisins og slóð á greinargerð um útgáfu starfsleyfisins eða strax og greinargerðin var birt á vefsvæði HER.

Kröfugerð:

Vísað er til krafna kæranda í kæru, dags. 3. júní 2021, en þar kemur fram að kærð er afgreiðsla HER, frá afgreiðslufundi stofnunarinnar þann 4. maí sl., sem tilkynnt var félaginu með tölvupósti 11. maí sl. Í kærunni er gerð krafa um að hin kærða ákvörðun um veitingu starfsleyfis verði feld úr gildi. Einnig er gerð krafa um að Reykjavíkurborg verði gert að veita nýtt starfsleyfi með rýmri opnunartíma svæðisins sbr. umsókn félagsins og án skilyrða um hreinsun fyrri starfsemi.

HER gerir þá kröfu í málinu að Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála staðfesti ákvörðun HER um að gefa út starfsleyfi fyrir starfsemi skotvallar SKOTREYNAR til tveggja ára. Þá gerir HER kröfu um að nefndin vísi frá kröfum kæranda um að Reykjavíkurborg verði gert að veita nýtt starfsleyfi með rýmri opnunartíma svæðisins sbr. umsókn félagsins og án skilyrða um hreinsun fyrri starfsemi. Þeirri kröfu í kæru er beint að röngum aðila þar sem Reykjavíkurborg gefur ekki út starfsleyfi fyrir mengandi starfsemi heldur Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur sem er sjálfstætt stjórnvald og heyrir ekki undir borgarstjórn Reykjavíkur. Þá er krafa um hreinsun mengunar frá starfseminni eðlileg krafa í ljósi mengunarbótareglunnar um að sá aðili er veldur mengun hreinsi hana sjálfur eða beri kostnað af hreinsun. Sambærileg



Málsástæður og lagarök:

Varðandi málsástæður kæranda er vísað til þess sem fram kemur í kæru, dags. 3. júní 2021 en málsástæður kæranda eru aðallega þær að engar forsendur séu fyrir hendi til að takmarka opnun skotsvæðanna á Álfsnesi frá fyrra leyfi, engar breytingar hafi orðið á lögum og reglum sem réttlæti slíkar breytingar. Tekið er fram að takmörkun á opnunartíma byggji á röngum forsendum og gangi mun lengra en góðu hófi gegni. Félagið telji hana ólögmeða og ganga gegn meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar og stjórnsýslulaga. Félagið tiltekur að ekkert hafi breyst í skipulagi né reglugerðum frá útgáfu fyrra leyfis þannig að þýðingu hafi í málinu. Með takmörkun opnunartíma sé verið að leggja niður starfsemi félagsins og ónýta þær eignir og uppbyggingu sem átt hefur sér stað á svæðinu. Um sé að ræða svo mikla skerðingu á möguleikum á nýtingu svæðisins að um eignaupptöku sé að ræða án bóta sem sé brot á stjórnarskrár vörðum réttindum félagsins.

Greinargerð HER:

HER hefur það hlutverk samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir að veita starfsleyfi fyrir starfsleyfissskylda starfsemi sbr. viðauka IV við lög nr. 7/1998 og setja starfseminni ramma í starfsleyfissskilyrðum (mengunarvarnir, umgengni o.fl.) um hvað geti talist ásættanleg umhverfisáhrif út frá starfseminni og staðsetningu. Skipulagsyfirlögd móta skipulag og landnotkun í skipulagi sem ákvarðar á hvaða svæðum tiltekin starfsemi er heimil. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) metur í umsóknarferli hvort tiltekin starfsemi sé í samræmi við skipulag og leitar umsagnar skipulagsfulltrúa um það hvort starfsemi sé í samræmi við skipulag, sbr. ákvæði þar um í 6. gr. rlg. nr. 550/2018 sé tilefni til. HER er ekki heimilt að gefa út starfsleyfi nema fyrir liggi jákvæð umsögn, eftir atvikum, skipulagsfulltrúa eða byggingarfulltrúa. Helstu umhverfisáhrif af starfsemi skotvalla eru hávaði, mengun vegna efna í skotum og höglum og umgengni á svæðunum. Hávaði frá starfseminni hefur í för með sér ónæði fyrir nágretta og útivistarfólk og notkun á blýhöglum hefur í för með sér mengunarhættu í umhverfinu. Það er hlutverk HER að setja starfseminni mörk í starfsleyfi til að lágmarka þessi umhverfisáhrif.

Samkvæmt ákvæðum í 6. gr. laga nr. 7/1998 skal allur starfsleyfissskyldur atvinnurekstur vera í samræmi við skipulag. Útgefandi starfsleyfis, í þessu tilfelli HER, leitar umsagnar skipulagsfulltrúa um það. HER leitaði umsagnar skipulagsfulltrúans í Reykjavík. Í umsögn skipulagsfulltrúa er ekki lagst gegn útgáfu starfsleyfis en mælt með því að starfsleyfi verði ekki gefið út til lengri tíma en tveggja ára. Í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. febrúar 2021 kemur fram að staðsetning skotvalla í Álfsnesi var frá upphafi hugsuð til bráðabirgða. Í umsögninni kemur enn fremur fram að unnið skuli að því á gildistíma starfsleyfisins að finna framtíðarstaðsetningu fyrir starfsemi skotvalla þar sem hægt er að uppfylla skilyrði um starfseminna og lágmarka ónæði. Varðandi umsögn skipulagsfulltrúa er rétt að taka fram að eina atriði sem tekið var úr umsögn hans í starfsleyfissskilyrðin var ákvæði um gildistíma leyfisins. Öll önnur ákvæði í starfsleyfissskilyrðum voru byggð á vinnu HER. Það fellur ekki undir hlutverk HER sem útgefanda starfsleyfis fyrir starfseminna að meta þörfina fyrir starfsemi skotvallar.

HER vill leiðrétta það sem fram kemur í kæru í kafla um opnunartíma. Það er rétt að árið 2015 voru gerðar breytingar á ákvæðum um opnunartíma í starfsleyfissskilyrðum við gildandi starfsleyfi fyrir starfsemi SKOTREYN. Ekki voru gerðar breytingar á gildistíma



starfsleyfisins á þeim tíma og var hann óbreyttur til 4. maí 2021 en ekki til 12 ára frá breytingunni eða til ársins 2027.

Við vinnslu á tillögu að opnunartíma var horft til þess að niðurstöður hávaðamælinga HER haustið 2021 sýna að hávaði frá starfseminni er yfir mörkum í töflu III (Mörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi) í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, eftir kl. 19 á kvöldin, þegar horft er til viðmiða fyrir íbúðarhús á íbúðarsvæði. Því var lagt til að starfsemi væri ekki heimil eftir kl. 19 í tillögu að starfsleyfi.

Könnun á hávaða var unnin í samræmi þær leiðbeiningar sem er að finna í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða og leiðbeiningar Umhverfisstofnunar (UST) um mæliaðferðir við hljóðmælingar vegna eftirlits (Umhverfisstofnun 2011) og mæliaðferðir sem þar er vísað til. Við val á mælistöðum var höfð hliðsjón af fyrri mælingum HER og mælt á fjórum stöðum sem áður hefur verið mælt á til samræmingar. Fjórir af fimm mælistöðum eru nærri húsnæði sem búið er eða dvalið í en sá fimmti á opnu svæði í hlíðum Esju til að fá hugmynd um hávaða sem útivistarfólk í hlíðum Esju býr við, ekki hafði verið mælt á þeim stað áður. Sú mæling var þó einungis til samanburðar eins og kemur fram í skýrslu um könnunina. Niðurstöðurnar gefa til kynna að hávaða frá starfseminni sé yfir viðmiðunarmörkum að gefnum eftirfarandi forsendum. Í reglugerð nr. 724/2008 er ekki að finna ákvæði eða viðmið sem eru sértæk fyrir skotvelli og gefur reglugerðin ekki leiðbeiningar um mælingar eða mat á hávaða frá starfsemi skotvalla. Sama gildir um leiðbeiningar UST og mæliaðferðir sem þar er vísað í, þar eru ekki heldur leiðbeiningar um hávaðamælingar frá starfsemi skotvalla. Ekki er heldur að finna viðmið fyrir hávaða á landbúnaðarsvæðum í reglugerðinni en helsta áhrifasvæði starfsemi skotvallarins hvað varðar hávaða er á svæði sem er skilgreint landbúnaðarsvæði samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. HER stóð því frammi fyrir því að þurfa að ákveða hvaða viðmið skyldi horfa til við túlkun á niðurstöðum mælinga. Það var niðurstaða HER að nota viðmið fyrir íbúðarhús á íbúðarsvæði og þótti það vera millivegur milli þess að nota viðmið fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi á iðnaðarsvæðum, þar sem viðmið eru hærri, eða viðmið fyrir hávaða í frístundabyggð, þar sem viðmið eru lægri, en þau viðmið komu til greina með tilliti til skilgreindrar landnotkunar á afnota- og áhrifasvæði starfseminnar. Niðurstöður mælinga sýna að hávaði fer yfir viðmiðunarmörk í rlg. um hávaða eftir kl. 19, eins og áður sagði. Því þykir rétt að takmarka opnunartíma við kl. 19. HER hefur ekki heimild til að víkja frá ákvæðum reglugerðarinnar.

HER fær ekki séð að þessi túlkun á niðurstöðum, að gefnum ofangreindum forsendum, geti talist vera umfram meðalhófsreglu, reynt er að gæta hagnuna allra hagnunahópa að eins miklu leyti og það er hægt. Þar til SKOTREYN hefur gripið til viðeigandi aðgerða til að koma í veg fyrir að hávaði frá starfseminni fari yfir viðmiðunarmörk skal starfsemin því takmörkuð. Sem fyrr segir voru hljóðmælingar framkvæmdar í samræmi þær leiðbeiningar sem er að finna í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða og leiðbeiningar Umhverfisstofnunar (UST) um mæliaðferðir við hljóðmælingar vegna eftirlits og mæliaðferðir sem þar er vísað til. Þar er m.a. mælt fyrir um að vindhraði skuli ekki vera meiri en 5 m á sekúndu, þurrt og úrkomulaust. Er það til að vindur og aðrar veðuráðstæður hafi ekki áhrif á mat á hávaða og dreifingu hans heldur sé hávaðinn sjálfur frá upprunastað metinn. Við mat á hávaða er alltaf mælt við slíkar staðalaðstæður en veðurfarsaðstæður s.s. aukinn vindhraði, rigning og snjókoma geta bæði komið til hækkunar og lækkunar á þeim hávaða sem berst frá upprunastað. Ábending SKOTREYNAR um að þær veðuráðstæður sem mælt var við séu kjöraðstæður sem séu nánast aldrei eiga ekki við enda eiga veðuráðstæður ekki að ráða mati á áhrifum af hávaða.



Í athugasemdum sem barst við tillögu að starfsleyfinu kom fram að við hávaðamælingar hafi verið skotið á velli Skotfélags Reykjavíkur (SR) en ekki á velli SKOTREYN. Þetta er rétt hvað varðar fjórar af sex mælingum sem fram fóru en þegar mælingar 5 og 6 fóru fram var starfsemi hafin á skotvelli SKOTREYNAR. Um 500 m eru á milli miðju svæðanna. Fjórir af mælistöðunum er staðsettir þannig að þeir eru nær velli SR en mælistaður í hlíðum Esju er nær velli SKOTREYNAR. Niðurstöður frá mælingum þegar skotið var á báðum völlum eru sambærilegar eða heldur hærri en þegar bara var skotið af velli SR. HER telur niðurstöðurnar styðji það að hægt sé að yfirfæra niðurstöður um hávaða frá einum velli á hinn við þær aðstæður sem þarna eru, m.a. tiltölulega lítil fjarlægð á milli valla, takmarkaðar varnir gegn hávaðamengun við völl SR og engar hávaðavarnir við völl SKOTREYNAR.

HER gerir sér grein fyrir að mæliaðferð sem reglugerðin um hávaða gerir ráð fyrir er ekki sérstaklega ætluð til að mæla hávaðamengun frá skotsvæðum þar sem aðrar sérhæfðar aðferðir gefa betri mynd af hávaðamenguninni frá slíkri starfsemi. HER telur sig þó ekki geta mælt samkvæmt þeim eða sett skilyrði skv. þeim þar sem þær hafa ekki verið innleiddar í íslenskt regluverk né er vísað til þeirra í íslensku regluverki eða leiðbeiningum byggðu á því. Þess má geta að í eldri reglugerð um hávaða (nr. 933/1999) var vísun í að ef upp kæmu tilvik sem reglurnar næðu ekki yfir, skyldi velja viðurkennda hávaðareglu sem stuðs væri við í slíkum tilvikum í einhverju hinna Norðurlandanna. Þessa vísun er ekki að finna í gildandi reglugerð um hávaða nr. 724/2008.

Í kærinni er fullyrt að hinar nýju reglur HER ónýti svæðið fyrir félagið. HER hefur það hlutverk samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir að veita starfsleyfi fyrir starfsleyfis skylda starfsemi sbr. viðauka IV við lög nr. 7/1998 og setja starfseminni ramma í starfsleyfisskilyrðum um hvað geti talist ásættanleg umhverfisáhrif út frá m.a. starfseminni og staðsetningu. HER hefur ekki það hlutverk að tryggja starfsemi félagsins.

Ennfremur kemur fram að í athugasemdum SKOTREYNAR við tillögu að starfsleyfi hafi verið bent á að ef ekki væri hægt að verða við kröfum um óbreyttan opnunartíma þyrfti einfaldlega að finna nýjan stað fyrir starfsemi félagsins en veita heimild til sömu opunar í tvö ár á meðan unnið er af því finna starfseminni nýjan stað og setja hana upp að nýju. Þessu er til að svara að það er hlutverk skipulagsfulltrúa að skipuleggja landnotkun og finna starfsemi stað þar sem landnotkun heimilar starfsemina, það er ekki hlutverk HER. Í áður nefndri umsögn skipulagsfulltrúa kemur fram að unnið skuli að því á gildistíma starfsleyfisins að finna framtíðarstaðsetningu fyrir starfsemi skotvalla þar sem hægt er að uppfylla skilyrði um starfsemina og lágmarka ónæði. Áður hefur verið rakið hvers vegna HER telur rétt að breyta opnunartíma starfseminnar.

HER hafnar því að ólögmætt hafi verið að takmarka opnunartíma við útgáfu gildandi starfsleyfis. Ítrekað er að það er misskilningur að gildistími starfsleyfis hafi verið lengdur til ársins 2027 við breytingu á starfsleyfisskilyrðum árið 2015.

Hvað varðar skilyrði um hreinsun svæðisins er rétt að það kom ekki á óvart að blýhögl skyldu finnast í fyrrnefndri könnun HER á blý- og hávaðamengun enda hefur legið fyrir að þau hafa verið notuð á báðum skotvöllum frá upphafi og í mun meira mæli fyrstu árin. Blý er þungmálmur sem getur haft eitrunaráhrif í lífríki. Notkun blýs er óæskileg. Þar sem til eru högl úr öðrum efnum sem hafa minni áhrif á umhverfi er að mati HER ekki ástæða til að nota blýhögl á skotvöllum við núverandi aðstæður. Í því skyni má horfa til varúðarreglu í umhverfisrétti, að náttúran njóti vafans, og þeirri félagslegu ábyrgð sem felst í henni að verja almenning og umhverfi fyrir hugsanlegum skaða. Við þessa ákvörðun var haft til hliðsjónar



að sambærileg þróun er víða í Evrópu, þ.e. verið er að þrengja að eða banna notkun blýhagla á skotvöllum líkt og kemur m.a. fram í athugasemdum SKOTREYNAR við tillögu að starfsleyfi en þar segir að að líklegast sé að hætt verði alfarið að nota blý innan mjög fárra ára vegna reglna Evrópusambandsins.

HER vill áréttta að það er á miskilningi byggt að verið sé að setja ný skilyrði um hreinsun svæðisins. Ákvæði um það hefur verið hluti af starfsleyfi fyrir starfseminni allt frá því starfsleyfi var gefið fyrst út árið 2004. Ákvæði um hreinsun hefur verið hluti af almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi allt frá árinu 2000. Starfsleyfi SKOTREYNAR sem gefin voru út árin 2004 og 2009 voru samþykkt með eftirfarandi bókun:

"Á afgreiðslufundi Umhverfis- og heilbrigðisstofu í dag var lögð fram umsókn félagsins, dags. 16. júlí 2004, um leyfi til að starfrækja skotæfingasvæði í Álfsnesi, Kjalarnesi. Nýskráning. Samþykkt að veita leyfi til 8 ára með almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi og sértækum skilyrðum fyrir skotvelli." og

"Á afgreiðslufundi Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur 4. maí 2009 voru lögð fram starfsleyfisskilyrði fyrir skotvöll í Álfsnesi sem legið hafa frammi til kynningar hjá Reykjavíkurborg í 4 vikur. Samþykkt að veita leyfi til 12 ára með almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi og skotvelli og sértækum skilyrðum fyrir skotvöll í Álfsnesi."

Útgáfa almennra starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur frá árinu 2000 innihélt eftirfarandi grein 1.3.

"Ef líkur eru taldar á því að athafnasvæði fyrirtækis hafi mengast, skal rekstraraðili ganga úr skugga um hvort svo sé þegar starfsemin er lögð niður eða flutt. Komi í ljós mengun skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið."

Ákvæðið er einnig í núgildandi útgáfu af almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur frá árinu 2018, nú gr. 7.2., og gilda þau skilyrði um starfsemi SKOTREYNAR, ásamt sértækum starfsleyfisskilyrðum fyrir starfsemi SKOTREYNAR í Álfsnesi sbr. afgreiðslu umsóknarinnar á afgreiðslufundi 4. maí 2021. Hér er því síður en svo um nýtt ákvæði að ræða þó það sé nú tekið upp í styttri mynd í sértækum skilyrðunum fyrir starfsemi SKOTREYNAR, gr. 7.1 auk þess að vera áfram í almennu skilyrðunum fyrir mengandi starfsemi. HER hafnar því alfarið að um nýja kröfu sé að ræða, hafnar því að krafan sé ólögsmæt og hafnar því að krafan sé ósanngjörn með vísan í mengunarbótaregluna.

Í kærinni kemur fram að SKOTREYN telur engar forsendur til að takmarka opnun skotsvæðanna á Álfsnesi frá fyrra leyfi, engar breytingar hafi orðið á lögum og reglum sem réttlæti slíkar breytingar. Tekið er fram að takmörkun á opnunartíma byggji á röngum forsendum og gangi mun lengra en góðu hófi gegni. Félagið telji hana ólögsmæta og ganga gegn meðalhöfsreglu stjórnarsýsluréttar og stjórnarsýslulaga. Félagið tiltekur að ekkert hafi breyst í skipulagi né reglugerðum frá útgáfu fyrra leyfis þannig að þýðingu hafi í málinu. Með takmörkun opnunartíma sé verið að leggja niður starfsemi félagsins og ónýta þær eignir og uppbyggingu sem átt hefur sér stað á svæðinu. Um sé að ræða svo mikla skerðingu á möguleikum á nýtingu svæðisins að um eignaupptæku sé að ræða án bóta sem sé brot á stjórnarskrár vörðum réttindum félagsins.



HER bendir á að ákvörðun um takmörkun á opnunartíma byggir á hljóðmælingum eins og rakið hefur verið ofar. Í ljósi þess að reglugerð um hávaða veitir takmarkaða leiðsögn varðandi skotvelli var ákvörðun tekin, um til hvaða viðmiðs í reglugerðinni skyldi horfa, út frá forsendum sem raktar voru að ofan. HER hafnar því að ákvörðunin sé byggð á röngum forsendum sem og því að gengið sé lengra en góðu hófi gegnir. Þvert á móti telur HER að unnið hafi verið í samræmi við meðalhófsreglu stjórnsýslulaga með því að hafa í huga alla hagsmunahópa, þ.e. notendur skotvalla, íbúa og gesti í húsum og bústöðum innan áhrifasvæðis starfseminnar og útivistarfólk við val á viðmiði í töflu III í reglugerð um hávaða. Ennfremur má benda á að félagið fullnýtir ekki heimildir til opunar samkvæmt gildandi starfsleyfi, eins og fram kemur í kærinni, og þykir það skjóta nokkuð skökku við að krefjast rýmri opnunartíma en nýta ekki þann opnunartíma sem heimilaður er. HER vill benda á að um nýtt starfsleyfi er að ræða. Eldra starfsleyfi var gefið út til 12 ára og er útrunnið. Umsóknaraðili getur ekki gengið að því vísu að starfsskilyrði verði óbreytt við útgáfu nýs starfsleyfis í ört breytilegri og vaxandi borg. Við útgáfu starfsleyfa á hverjum tíma ber HER að fylgja öllu lögum og reglum um mengunarvarnir sem í gildi eru. Að auki gilda um útgáfu starfsleyfa ákvæðna málsmeðferðarreglur sem fylgja þar, t.d. hvað varðar samráð við almenning og hagsmunaaðila sem getur haft áhrif á efni starfsleyfis. HER telur sig hafa gætt meðalhófs þegar ákvörðun um opnunartíma var tekin þar sem reynt var að gæta hagsmuna allra hagsmunahópa að eins miklu leyti og það er hægt. HER telur því af og frá að með nýju starfsleyfi og nýjum starfsleyfissskilyrðum sé um eignarupptöku án bóta að ræða og hafnar því alfarið að brotið hafi verið gegn stjórnarskrárvörðum réttindum félagsins eins og haldið er fram í kæru.

Í niðurlagi er farið fram á að nefndin skoði sérstaklega málsmeðferð málsins í heild hjá Reykjavíkurborg. Er m.a. bent á að félaginu var ekki gefinn kostur á að tjá sig um greinargerð Heilbrigðiseftirlitsins áður en málið var afgreitt. Þá er þess óskað að gjaldtaka verði skoðuð líka þar með hvort bæði Skotfélag Reykjavíkur og SKOTREYN hafi verið rukkuð fyrir sama kostnað vegna tveggja leyfa fyrir svæði félaganna.

Heilbrigðiseftirlitið ítrekar að umsókn um starfsleyfi var til meðferðar hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur í umboði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur en ekki hjá Reykjavíkurborg. Það þjónar því engum tilgangi að skoða meðferð málsins hjá Reykjavíkurborg. Greinargerð sem vísað er í er væntanlega greinargerð um útgáfu starfsleyfis. Ákvæði um greinargerð vegna útgáfu starfsleyfis er að finna í 6. gr. rlg. nr. 550/2018 og er svohljóðandi:

"Starfsleyfi skal fylgja greinargerð þar sem farið er yfir málsmeðferðina, tekin afstaða til niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum ef við á og gerð grein fyrir afstöðu útgefanda starfsleyfis til athugasemda sem bárust."

Engin tilmæli felast í ákvæðinu um að kynna skuli greinargerð fyrir útgáfu né að veittur skuli möguleiki á andmælum eða athugasemdum við greinargerðina sjálfa fyrir útgáfu. Afgreiðsla umsóknar um starfsleyfi er lokaskrefið í ferli umsóknar um starfsleyfi að loknu samráðsferli. Greinargerð fjallar um niðurstöður samráðs að því loknu og getur ekki verið tilefni til nýs samráðsferlis. Ákvörðun um afgreiðslu umsóknar liggur fyrir þegar helstu niðurstöður, athugasemdir og svör við þeim, eru teknar saman í greinargerð til skýringar. Með því er þess gætt að samráðsferlið sé gagnsætt, þ.e. þeir sem hafi sent inn athugasemdir geti séð hvort og hvaða áhrif þær höfðu á hina endanlegu ákvörðun en ekki er um sjálfstæða ákvörðun að ræða. 13. gr. stjórnsýslulaga, sem segir að málsaðili skuli eiga þess kost að tjá sig um efni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því, á því ekki við hér. Hins vegar er gefin möguleiki að koma fram andmælum og athugasemdum við tillögu að starfsleyfi og drög að starfsleyfissskilyrðum á auglýsingatíma þess og skal á það bent að félagið kom sínum athugasemdum að á þeim



Reykjavíkurborg

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

tíma, þ.e. áður en ákvörðun var tekin. Að auki var fundað með fulltrúum félagsins þann 9. mars sl. þar sem þeim var kynnt drög að starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum.

HER telur kröfu um að nefndin skoði gjaldtöku vegna umsókna SR og SKOTREYN um starfsleyfi með öllu óeðlilega og fer fram á að nefndin að hafna kröfunni. Bæði félögin voru rukkuð um sama gjald vegna vinnu við afgreiðslu umsókna um starfsleyfi, sbr. meðfylgjandi afrit af reikningum. Einnig má geta þess að kostnaði við könnun HER haustið 2020 var skipt jafnt milli beggja félaga og HER og má sjá hlut félaganna á fyrrnefndum reikningum.

Niðurstaða:

Að öllu framansögðu telur HER að rétt hafi verið staðið að veitingu starfsleyfis fyrir skotvöll SKOTREYNAR í Álfnesi. Við vinnslu málsins telur HER að gætt hafi verið að öllum lagalegum skilyrðum er varða útgáfu starfsleyfa og þau uppfyllt. Einnig telur HER að gætt hafi verið að málsmeðferðarreglum stjórnsýsluréttarins í hvívetna, ekki síst rannsóknarreglu og meðalhófsreglu hvað varðar opnunartíma og hreinsun svæðisins en HER vill árétta að skilyrði um hreinsun svæðisins er ekki að koma nýtt inn í starfsleyfi eins og haldið er fram. Þá telur HER af og frá að breyting á opnunartíma félagsins sé eignarupptaka eins og haldið er fram. Að öllu framansögðu fer HER fram á að nefndin hafni öllum kröfum kæranda og staðfesti ákvörðun HER um útgáfu starfsleyfis fyrir skotvöll SKOTREYN með þeim opnunartíma og hreinsunarskilmálum sem þar er að finna.

Taki nefndin undir með kæranda og ógildir ákvörðun HER um útgáfu starfsleyfis er farið fram á að nefndin veiti leiðbeiningar um framhald málsins. Í ljósi þess að gildistími fyrra starfsleyfis er liðinn verður ekki séð að það leyfi geti tekið gildi að nýju og starfsemin því án starfsleyfis. Óskað er leiðbeininga um það hvort HER beri að stöðva starfsemi á skotvelli félagsins í Álfnesi á meðan beðið er nýrrar umsóknar, unnin er tillaga að starfsleyfi og hún auglýst í a.m.k. fjórar vikur, tekin afstaða til innsendra athugasemda og umsókn um starfsleyfi tekin til afgreiðslu.

Áskilnaður:

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur áskilur sér rétt til þess að svara frekar málsástæðum kæranda á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Guðjón Ingi Eggertsson
heilbrigðisfulltrúi

Meðfylgjandi:
Gögn málsins



Árið 2021, föstudaginn 24. september kom úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála saman til fundar í húsnæði nefndarinnar að Borgartúni 21, Reykjavík. Mættir voru Ómar Stefánsson varaformaður, Ásgeir Magnússon, fyrrverandi dómstjóri, og Þorsteinn Þorsteinsson byggingarverkfræðingur.

Fyrir var tekið mál nr. 78/2021, kæra á ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 4. maí 2021 um að gefa út starfsleyfi til Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis til reksturs skotvalla í Álfsnesi.

Í málinu er nú kveðinn upp svofelldur

úrskurður:

Með bréfi til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 3. júní 2021, er barst nefndinni sama dag, kærir Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis þá ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 4. maí 2021 að gefa út starfsleyfi til félagsins til reksturs skotvalla í Álfsnesi. Er þess krafist að ákvörðunin verði felld úr gildi og að Reykjavíkurborg verði gert að veita nýtt starfsleyfi með rýmri opnunartíma svæðisins.

Gögn málsins bárust úrskurðarnefndinni frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur 9. júlí 2021.

Málsatvik og rök: Hinn 8. febrúar 2021 sendi Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis umsókn til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um endurnýjun starfsleyfis fyrir starfsemi félagsins á skotvelli þess í Álfsnesi ásamt greinargerð, dags. 5. s.m. Hinn 15. s.m. sendi heilbrigðiseftirlitið beiðni til skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnir, um umsögn um það hvort starfsemin í Álfsnesi væri í samræmi við skipulag. Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 26. febrúar 2021, barst heilbrigðiseftirlitinu 3. mars s.á. Í henni kemur fram að ekkert deiliskipulag sé í gildi fyrir svæðið en samkvæmt aðalskipulagi sé það skilgreint sem hafnar- og iðnaðarsvæði. Í ljósi þeirrar óánægju sem íbúar í nágrenni hafi látið í ljós og þeirra ábendinga sem borist hafi vegna hávaða telji skipulagsfulltrúi nauðsynlegt að setja strangari skilyrði um starfsemina, s.s. um opnunartíma og notkun á blýhöglum, samhliða því að kanna til hlítar nýjar staðsetningar fyrir starfsemina á höfuðborgarsvæðinu. Að lokinni kynningu starfsleyfisumsóknarinnar samþykkti heilbrigðiseftirlitið að gefa út starfsleyfi til tveggja ára, eða til 4. maí 2023. Tilkynning um útgáfu þess ásamt greinargerð um útgáfuna, afriti af starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum var birt á vefsvæði heilbrigðiseftirlitsins 21. maí 2021.

Af hálfu kæranda er vísað til þess að mikil þörf sé fyrir svæði eins og hér um ræði. Mikilvægt sé að til séu svæði þar sem veiðimenn geti æft skotfimi til að tryggja að þeir verði færar skyttur. Mikil afturför væri ef veiðimenn hrektust aftur í yfirgefnar námur eða önnur opin svæði í nágrenni borgarinnar til að æfa sig. Þá sé það öryggismál að slík æfingasvæði séu opin. Umrætt svæði henti sérstaklega vel til skotæfinga og fyrir liggir að samkvæmt skipulagi sé ekkert íbúðarsvæði nálægt umræddu skotsvæði. Í umsókn sinni hafi kærandi sótt um óbreyttan opnunartíma enda hafi félagið talið að ekkert hefði breyst frá því núverandi starfsleyfisreglur

hefðu verið samþykktar til 12 ára. Óbreyttur opnunartími sé grunnforsenda fyrir rekstri svæðisins.

Samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir hafi heilbrigðisnefnd það hlutverk að veita starfsleyfi fyrir starfsleyfisskylda starfsemi, sbr. viðauka IV við lög, og setja starfseminni ramma í starfsleyfisskilyrðum um hvað geti talist ásættanleg umhverfisáhrif út frá m.a. starfseminni og staðsetningu. Skipulagsyfirvöld móti skipulag og landnotkun í skipulagi, sem ákvarði með því á hvaða svæðum tiltekin starfsemi sé heimil. Meti heilbrigðiseftirlitið í umsóknarferli hvort tiltekin starfsemi sé í samræmi við skipulag og beri að leita umsagnar, eftir atvikum skipulagsfulltrúa og/eða byggingarfulltrúa, um það hvort starfsemin sé í samræmi við skipulag, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnir. Ekki sé heimilt að gefa út starfsleyfi nema fyrir liggi jákvæð umsögn skipulagsfulltrúa og/eða byggingarfulltrúa. Helstu umhverfisáhrif umræddrar starfsemi séu hávaði og ónæði frá starfseminni fyrir nágranna og útivistarfólk, en auk þess hafi notkun á blýhögglum í för með sér mengunarhættu í umhverfinu. Það sé hlutverk heilbrigðiseftirlitsins að setja starfseminni mörk í starfsleyfi til að lágmarka þessi umhverfisáhrif.

Niðurstaða: Ágreiningur máls þessa snýst um ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 4. maí 2021 um að veita starfsleyfi til kæranda til reksturs skotvalla í Álfsnesi með þrengri skilyrðum en í fyrra starfsleyfi. Gerir kærandi þá kröfu að heilbrigðiseftirlitinu verði gert að gefa út nýtt starfsleyfi með rýmri opnunartíma skotæfingasvæðis félagsins. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála er það hlutverk nefndarinnar að úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvæðana og í ágreiningsmálum vegna annarra úrlausnatriða á sviði umhverfis- og auðlindamála eftir því sem mælt er fyrir um í lögum á því sviði. Í samræmi við þetta tekur úrskurðarnefndin lögmæti kærðrar ákvörðunar til endurskoðunar en tekur ekki nýja ákvörðun eða breytir efni ákvörðunar.

Úrskurðarnefndin kvað upp fyrr í dag úrskurð í kærumáli nr. 92/2021, þar sem ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 4. maí 2021, um að gefa út starfsleyfi til handa kæranda máls þessa til reksturs skotvalla í Álfsnesi, var felld úr gildi. Liggur því nú fyrir að hin kærða ákvörðun í máli þessu hefur ekki lengur réttarverkan að lögum og hefur kærandi því ekki lögvarða hagsmuni af efnisúrlausn málsins. Verður máli þessu því vísað frá úrskurðarnefndinni.

Úrskurðarorð:

Kærumáli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Ómar Stefánsson (sign)

Ásgeir Magnússon (sign)

Þorsteinn Þorsteinsson (sign)